

# Afbrotatölfræði

## Apríl 2007

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í aprílmánuði voru hegningarlagabrot 1.130 sem er svipaður fjöldi og í apríl 2005. Brotin voru heldur færri 2006 en fleiri árin 2003 og 2004. Umferðarlagabrot voru færri í apríl 2007 samanborið við árið á undan en brotin voru fleiri 2003 og 2004. Fjöldi fíkniefnabrota hefur farið vaxandi frá árinu 2003 en 185 brot voru framin í apríl 2007.


Í apríl 2007 áttu um 41% fíkniefnabrota sér stað á nóttunni en 26% frá klukkan sex síðdegis fram að miðnætti. Hlutfall hegningarlagabrota skiptist hins vegar jafnar yfir sólarhringinn en flest voru framin milli tólf á hádegi og sex síðdegis. Flest umferðarlagabrot eru einnig framin á þeim tíma, eða 33%.

Hraðakstursbrot voru 2.127 sem er fækkun frá því í fyrra en fjölgun frá því í apríl 2005, eins og sjá má í töflu 1. Þjófnaðarbrot voru fleiri í apríl 2007 samanborið við árið 2006 en færri en árið 2005, innbrotum fer hins vegar fækkandi samanborið við síðustu tvö ár. Fjöldi skráðra eignaspjalla var 340 sem er þó nokkur fjölgun frá því í fyrra. Ölvunarakstursbrotum fjölgaði í apríl 2007 samanborið við tvö síðustu ár. Þá voru 30% fleiri líkamsmeiðingar tilkynntar í apríl 2007 en árið 2006.

Flest þjófnaðar- og innbrot voru framin á mánudögum í apríl. Um 14 eignaspjöll og ölvunarakstursbrot voru framin að meðaltali á laugardögum en flest voru fíkniefnabrotin á fimmtudögum. Flestar líkamsmeiðingar áttu sér stað á laugardögum og sunnudögum.




Mynd 1. Fjöldi brota í apríl 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Hlutfall brota eftir tíma sólarhrings í apríl 2007

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í apríl 2005, 2006 og 2007

	apr.07	apr.06	apr.05
Of hraður akstur	2.127	2.838	1.848
þjófnaður	263	199	290
Eignaspjöll	340	295	232
Innbrot	173	183	208
Ölvun við akstur	204	172	142
Fíkniefnabrot	185	144	114
Akstur gegn rauðu ljósi	73	91	70
Áfengislagabrot	123	121	126
Líkamsmeiðingar	110	83	107
Nytiastuldur	40	36	20



Mynd 3. Meðalfjöldi brota á dag í apríl 2007 eftir vikudögum

# Afbrotatölfræði

## Apríl 2007

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í apríl 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
Akranes	20	25	14	115	114	56	3	0	0
Akureyri	90	41	65	282	309	123	4	11	13
Blönduós	5	1	2	169	274	224	0	0	0
Borgarnes	15	6	2	184	204	119	10	7	1
Eskifjörður	12	12	16	225	71	77	3	1	0
Húsavík	15	1	4	47	21	31	0	0	0
Hvolsvöllur	5	7	4	140	126	63	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	809	714	734	2.019	2.667	1.826	138	96	86
Ísafjörður	15	15	17	66	40	49	3	5	0
Sauðárkrókur	10	4	13	86	39	63	4	1	0
Selfoss	53	46	37	392	270	219	5	7	6
Seyðisfjörður	3	4	7	121	37	49	1	1	1
Snæfellsnes	4	4	4	57	76	66	0	1	0
Suðurnes	64	71	87	271	385	209	12	14	6
Vestmannaeyjar	10	13	9	39	22	12	2	0	1
<b>Samtals</b>	<b>1.130</b>	<b>964</b>	<b>1.015</b>	<b>4.213</b>	<b>4.655</b>	<b>3.186</b>	<b>185</b>	<b>144</b>	<b>114</b>

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í apríl 2005 til 2007 eftir umdæmum.

Fleiri hegningarlagabrot voru skráð í apríl 2007 en árin á undan á Akureyri, Blönduósi, í Borgarnesi, á Húsavík, höfuðborgarsvæðinu og Selfossi. Alls voru 138 fíkniefnabrot skráð á höfuðborgarsvæðinu, tíu í Borgarnesi og tólf á Suðurnesjum í apríl 2007.

Meira en 100% aukning var á umferðarlagabrotum í apríl 2007 frá árinu á undan á Eskifirði, Húsavík, Sauðárkróki og Seyðisfirði.

#### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 14. maí 2007 og eru tölur fyrir árin 2006 og 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærur fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.